

Mánudaginn 8. desember 1969.

Nr. 221/1969. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Páli Hauki Kristjánssyni

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómarnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Ákæra um fiskveiðabrot. Birting stjórnvaldaerinda.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði er í máli þessu sóttur þeim sökum að hafa hinn 14. apríl 1969 á skipi sínu, v/s Þorgeiri, GK 73, verið að botnvörpuveiðum á hafsvæði, þar sem botnvörpuveiðar voru á þeim tíma bannaðar með auglýsingu sjávarútvegsráðherra 27. febrúar 1969 „um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðvesturlandi“, sem sett hafði verið „samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um visindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og lögum nr. 62 18. maí 1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 304 20. desember 1968 um leyfi til togveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi ...“. Auglýsing þessi var birt í Lögbirtingablaði 4. marz 1969 og síðan í B-deild Stjórnartíðinda 30. apríl 1969. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 64/1943 um birtingu laga og stjórnvaldaerinda bar að hirta auglýsinguna í B-deild Stjórnartíðinda, og samkvæmt 7. gr. sömu laga mátti ekki beita ákvæðum hennar, fyrr en það hafði verið gert. Að svo vöxnu máli, verður ákærða dæmd sýkna af kröfum ákærvalds.

Allur kostnaður af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00 til hvors þeirra.

Dómsorð:

Ákærði, Páll Haukur Kristjánsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Kostnaður af málinu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Gunnars I. Hafsteinssonar héraðsdómslögmanns og Hafsteins Baldvinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00 til hvors þeirra.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 9. október 1969.

Ár 1969, fimmtudaginn 9. október, var í sakadómi Hafnarfjarðar, sem haldinn var í dómsal embættisins af fulltrúa bæjarfógeta, Sigurði Halli Stefánssyni, ásamt meðdómsmönnum Þorsteini Einarssyni og Árna Sigurðssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 394/1969: Ákæruvaldið gegn Páli Hauki Kristjánssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 1. október s.l., er með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 16. maí 1969, höfðað gegn Páli Hauki Kristjánssyni, Þúfubarði 11 í Hafnarfirði, skipstjóra á v/s Þorgeiri, GK 73, „fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 3/1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum báti síðdegis mándaginn 14. apríl 1969 suður af Reykjanesi á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. áðurnefndrar reglugerðar, þar sem botnvörpuveiðar eru bannaðar til 30. apríl 1969 samkvæmt 1. tl. 1. gr. auglýsingar sjávarútvegsmálaráðuneytisins 27. febrúar 1969 um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðvesturlandi, sbr. lög nr. 88/1968 um breytingu á áðurnefndum lögum, og reglugerð nr. 304/1968 um leyfi til togveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. að öðru leyti reglugerðir um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 3/1961, 87/1958, 4/1961 og 29/1964 og auglýsingu nr. 4/1961.

Ákærast því nefndur Páll Haukur til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr. nefndra laga nr. 62/1967, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961 og 1. mgr. 2. gr. auglýsingar nr. 304/1968, og upptöku afla og veiðarfæra nefnds báts og til greiðslu sakarkostnaðar“.

Ákærði er sakhlæfur, fæddur í Reykjavík 2. júní 1923, og hefur ekki áður sætt kærum eða refsingum, svo að kunnugt sé, utan það, að honum var með dómi sakadóms Hafnarfjarðar, uppkveðnum 3. september 1967, gert að greiða kr. 25.000.00 í sekt vegna ólöglegra togveiða innan fiskveiðimarkanna. Hinn 1. desember 1968 veitti forseti Íslands ákærða uppgjöf sakar, að því er varðar dóm þennan.

Málavextir eru þeir samkvæmt skýrslu Sigurðar Þorkels Árnasonar, skipherra Grumman Albatross gæzluflugvélar Landhelgisgæzlunnar No. 141276, dagsettri 15. apríl 1969, að mánudaginn 14. apríl 1969 var gæzluflugvélin á gæzluflugi undan Eldey:

„Um kl. 1620 var tekið eftir fiskibáti skammt SA af Eldey.

Kl. 1624 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Eldey miðast r/v 315°, fjarlægð 4.9 sjóm.

Gefur það stað bátsins um 1.6 sjóm. innan við leyfð fiskveiðitakmörk á þessum slóðum.

Kl. 1636 var staðarákvörðunin endurtekin:

Eldey miðast r/v 314°, fjarlægð 4.9 sjóm.

Gefur það stað bátsins um 1.6 sjóm. innan við leyfð fiskveiðitakmörk á þessum slóðum.

Reynt var margsinnis að kalla bátinn upp á blgd. 2311 k.rið og hafa samband við hann, en án árangurs.

Skömmu síðar fór flugvélin frá bátnum og hélt til frekari gæzlustarfa, en haft var samband við nærstatt varðskip og það beðið um að svipast um eftir bátnum og hafa samband við hann.

Allan tímann sem gæzluflugvélin var yfir bátnum sást enginn maður á þilfari og engin stefnubreyting var sjáanleg.

Allar mælingar voru gerðar af undirrituðum og stýrimanni flugvélarinnar með ratsjá flugvélarinnar, sem er af gerðinni C-970/APS-3113, og seguláttavita. Einnig las aðstoðarflugmaður af ratsjánni.

Veður: SV 2—4 vindstig, él“.

Gerðar voru tilraunir af hálfu Landhelgisgæzlunnar og bæjarfógetans í Hafnarfirði til að v/s Þorgeir yrði kallaður í land, en án árangurs. Að morgni fimmtudagsins 17. apríl kom hann til heimahafnar sinnar, Sandgerðis, og hófust dómpróf í málinu samdægurs.

Yfirmenn Landhelgisgæzlunnar, sem í gæzluflugvélinni voru í umrætt sinn, komu í dóm þann dag svo og skipshöfnin á v/s Þorgeiri.

Sigurður Þorkell Árnason skipherra staðfesti skýrslu sína. Hann

kvaðst hafa séð greinilega nafn bátsins og númer, Þorgeir, GK 73, og kvaðst hann þess algerlega fullviss, að báturinn hefði verið að togveiðum, er flugvélin flaug yfir hann, en það hefði verið nokkrum sinnum. Vír hafi legið strengdur frá fremri gálga hallandi niður á við til hliðar við brúna í átt að blökkinni. Togvírarnir hafi síðan legið strengdir frá blökkinni á stjórnborðshlið bátsins og töluverð opning verið á þeim, þar sem þeir lágu í sjó. Hann kvaðst hafa séð, að engin veiðarfæri voru á þilfari bátsins, hvorki hlerar, varpa né annað, en hins vegar hefði hann ekki tekið eftir, hvort veiðarfæri voru á bátapalli. Hann kvaðst ekki hafa séð neina menn á þilfari bátsins, sem greinilega hafi togað með stjórnborðsvörpu og haldið í NA-læga stefnu. Til sönnunar því sagði hann enn fremur, að mikið skrufuvatn hefði komið aftur úr bátnum, svo að ekki hefði dulizt, að hann dró eitthvað þungt. Hann skýrði svo frá, að öll framantalin atriði hefðu sézt í fyrsta aðflugi, en þá hefði ekki verið framkvæmd staðarákvörðun. Fleiri aðflug hefðu síðan verið gerð til að athuga bátinn og hefði hann þá séð einhver framantalinna atriða í hverju aðflugi. Hann kvað flogið hafa verið í um 200 feta hæð yfir bátinn. Hann kvað mælingar hafa verið framkvæmdar þannig, að tveir af áhöfn flugvélarinnar sögðu til um, er vélin var yfir bátnum, og um leið hafi tveir menn lesið af ratsjá. Sama aðferð hafi verið viðhöfð, er ákvörðuð var stefna flugvélarinnar.

Benedikt Gunnar Guðmundsson, stýrimaður hjá Landhelgisgæzlunni, kvaðst hafa séð einkennisstafi bátsis og númer, GK 73, en ekki nafn. Hann kvaðst þess fullviss, að báturinn hefði verið að toga í NA-læga stefnu, er flugvélin flaug yfir hann, en það hefði verið nokkrum sinnum til skoðunar. Hann kvaðst greinilega hafa séð, að togvírar lágu strengdir frá togblökk í sjó aftur með stjórnborðshlið bátsins og hafi opnun verið greinileg milli víranna, þar sem þeir lágu í sjó. Kvaðst hann hafa fengið flugstjórann til að fljúga fram með stjórnborðshlið bátsins til að fullvissa sig um, að vírarnir lægju eins og að framan greinir. Skrufuvatn hefði verið aftur af bátnum þannig, að útilokað væri, að bátinn hefði rekið. Hann kvaðst ekki hafa séð neina menn á bátnum né nein veiðarfæri á þilfari hans, en ekki tekið eftir, hvort veiðarfæri voru á bátapalli. Hann kvað hafa gengið á með éljum, en skyggni gott á milli. Hann kvað staðarákvarðanir hafa verið framkvæmdar þannig, að er flugvélin var yfir bátnum, hefði flugstjórinn látið þá, sem voru við ratsjána, vita, en það hefðu verið auk hans sjálfs skipherrann í annað skiptið og

aðstoðarflugmaðurinn í hitt. Hann skýrði svo frá, að reynt hefði verið margsinnis að hafa samband við bátinn, en án árangurs, og varðskipið Albert, sem þar var nærri, beðið að halda þeim tilraunum áfram.

Björn Jónsson, flugstjóri hjá Landhelgisgæzlunni, kvaðst hafa tekið þann þátt í staðarákvörðun, að hann hefði sagt til um stefnu flugvélarinnar, um leið og vélin var yfir bátnum. Hann kvaðst þess fullviss, að v/s Þorgeir hefði verið að togveiðum í umrætt sinn. Togvírar hefðu verið samanteknir í blökkinni og legið frá henni strengdir aftur með stjórnborðshlið bátsins. Hann kvaðst ekki hafa séð veiðarfæri á þilfari bátsins, hvorki hlera né annað, og ekki tekið eftir, hvort veiðarfæri voru á bátapalli. Útilokað væri, að bátinn hefði rekið, heldur hefði hann verið á togferð og skrífuvatnið borið þess vitni, að báturinn var á ferð fyrir afli vélarinnar. Hann skýrði svo frá, að flugvélin hefði flogið yfir bátinn í um 200 feta hæð og skyggni verið allgott til sæmlegt, en gengið á með smáéljum og sjólag „slampanði“. Hann kvað skipherra hafa margsinnis kallað upp bátinn svo og til Keflavíkur, en án þess að árangur bæri.

Páll Halldórsson, flugmaður hjá Landhelgisgæzlunni, aðstoðarflugmaður gæzluflugvélarinnar í umrætt sinn, kvaðst hafa tekið þátt í staðarákvörðun með því að lesa af ratsjá. Kvaðst hann hafa séð nafn bátsins og númer, Þorgeir, GK 73, en ekki veitt því eftirtekt, hvort hann var að toga, hvort veiðarfæri voru á þilfari bátsins eða hvort togvírar lágu frá honum í sjó. Hann kvað skyggni hafa verið allgott.

Framangreind vitni staðfestu vætti sín með eiði.

Kærði kom í dóm klukkan 1430. Skýrði hann svo frá, að hann hefði farið á veiðar með v/s Þorgeir, GK 73, klukkan um 0600 mánudaginn 14. apríl og hafið veiðar með botnvörpu klukkan um 1000 um það bil 12 sjómílar suð-suð-vestur til suðvesturs af Eldey. Klukkan um 1300 hefði varpan verið hífð upp, en enginn fiskur verið í henni, enda mjög rifin. Áhöfn bátsins hafi strax farið að bæta vörpuna og lokið því verki um tveimur klukkustundum síðar, en bátinn rekið á meðan. Kvað hann bátinn hafa verið látinn reka áfram til klukkan um 1700 og hafi vélin verið í gangi, en frákúplað, og hafi bæði vírar og botnvarpa verið uppi á þilfari bátsins. Hann sagði, að honum hefði ekki verið kunnugt um, að aðrir hefðu verið vakandi um borð í bátnum, meðan hann rak, en hann sjálfur, sem verið hafi í brúnni, og 2. vélstjóri, sem var á vakt í vélarrúmi. Hann kvað suðvestan

át hafa verið og él og stefna bátsins að líkindum aust-norð-aust-læg. Hann kvaðst hafa séð til flugvélar yfir bátnum, á meðan á reki hans stóð, en eftir að viðgerð botnvörpunnar lauk, en ekki vitað, að um landhelgisflugvél var að ræða, enda hefði hann ekkert heyrt til áhafnar flugvélarinnar, enda þótt talstöð bátsins hafi verið opin og stillt á bylgjulengd 2311 kílórið. Hann vefengdi ekki, að réttar væru staðarákvarðanir Landhelgisgæzlumanna og að báturinn hefði þá verið þar, sem hann vissi, að botnvörpuveiðar voru bannaðar. Hins vegar neitaði hann alfarið, að báturinn hefði verið að veiðum. Veiðarfærin hefðu legið óbúlk-uð á þilfari, hlerarnir milli gálga og borðstokks og togvírarnir ekki lásaðir frá botnvörpunni. Klukkan um 1700 var að sögn ákærða siglt í suðausturátt og vörpunni „kastað“ í sjó um 20 sjómílar norðvestur af Surtsey. Síðan var komið í höfn í Grindavík miðvikudaginn 16. apríl og þar unnið að viðgerð botnvörpunnar, en haldið sama dag á veiðar á Faxaflóa, og vissi ákærði ekki, að hans beið ákæra fyrir fiskveiðibrot, fyrr en hann kom til Sandgerðishafnar að morgni næsta dags.

Klukkan 2220 kom ákærði aftur í dóminn. Kvaðst hann þá ekkert geta fullyrt um tímaákvarðanir umræddan dag, er hann var staðinn að meintu fiskveiðibroti, en taldi, að lagt hefði verið úr höfn klukkan um 0600—0700, vörpunni kastað klukkan um 1000 og hún hífð upp klukkan um 1300, þótt hann gæti ekki fullyrt, hversu lengi var togað, og aðspurður, hvort verið gæti, að báturinn hefði enn verið að toga klukkan um 1630, svaraði hann, að hann gæti ekkert fullyrt um tímaákvarðanir. Hann vefengdi ekki, að klukkan hefði verið um 1630, er flugvélin flaug yfir bátinn, en hélt fast við þann framburð sinn, að báturinn hefði þá ekki verið að toga, heldur hefði hann rekið.

Ákærði kom enn í dóm föstudaginn 18. apríl. Kvað hann þá afla hafa verið mjög litinn úr togi því, er tekið var mánudaginn 14. apríl, varla meira en 20—30 fiskar.

Vitnið Erlendur Kristjánsson, stýrimaður á v/s Þorgeiri, kom tvisvar í dóminn, í fyrra sinnið klukkan 1645 og hið síðara klukkan 2150.

Hið fyrra sinn skýrði hann svo frá, að haldið hefði verið úr höfn í Sandgerði klukkan um 0600 mánudaginn 14. apríl og siglt um það bil 12—13 sjómílar suð-suð-vestur af Eldey. Þar hafi veiðar verið hafnar og togað í vesturátt, þar til báturinn var um það bil suðvestur af Eldey. Um hádegisð hafi varpan verið hífð inn, en hún verið rifin og enginn fiskur í henni, meginhluti

hennar síðan dreginn upp á bátapall, þar sem áhöfnin hafi unnið að viðgerð hennar í eina til tvær klukkustundir, en á meðan hafi bátinn rekið í norðaustur eða aust-norð-austur. Að viðgerð lokinni kvað hann alla hafa farið aftur í borðsal að drekka kaffi, en skömmu síðar hefði hann farið að sofa. Þá hefðu veiðarfærin verið óbúlkuð á þilfari bátsins og bátapalli. Hann hafi síðan vaknað seint um kvöldið, en þá hefði báturinn verið á siglingu á Grindavíkurdýpi á leið suðaustur á Selvogsbanka, þar sem veiðar hafi síðan verið hafnar að morgni næsta dags.

Er hann kom í dóminn í seinna sinnið, kvaðst hann ekki muna eftir tímasetningum og geti skeikað allt að 3 klukkustundum frá því, er hann þar fyrr. Hann var á stýrisvakt, er togað var í umrætt sinn, en þó ekki til loka togtímans, heldur hefði ákærði tekið við, allt að klukkustundu áður en toginu lauk, og hefði þá verið búið að breyta stefnu bátsins til norðausturs. Hann sagðist ekki geta fullyrt, að báturinn hefði ekki enn verið að toga klukkan 1620—1636 og geti vel verið, að botnvarpan hafi ekki verið hífð upp fyrr en eftir þann tíma.

Vitnið vann eið að framburði sínum.

Karl Már Einarsson, 2. vélstjóri á v/s Þorgeiri, GK 73, kom í dóminn klukkan 1810 og bar vætti. Hann kvað veiðar hafa verið hafnar um morguninn, en komið í ljós, er botnvarpan var hífð upp eftir eitt tog, að hún var töluvert rifin og sáralítill eða enginn fiskur í henni. Varpan hefði síðan verið hífð upp á bátapall og þar unnið að viðgerð hennar þar til eftir hádegi. Á meðan og nokkurn tíma eftir það hafi bátinn rekið. Hann kvaðst hafa farið á vakt í vélarrúminu og ákærði verið uppi í brúnni, en stýrimaður, 1. vélstjóri og matsveinn farið að sofa. Hann kvaðst ekki hafa heyrt til flugvélar, enda vélin í gangi, þótt hún væri „frákúpluð“. Klukkan um 1700 hafi síðan verið siglt af stað og vörpunni ekki kastað aftur í sjó fyrr en næstu nótt og þá á Selvogsbanka.

Klukkan 2120 kom Karl Már aftur í dóminn. Sagðist hann ekki muna, hvort tekin höfðu verið eitt eða tvö tog, er í ljós kom, að botnvarpan hafði rifnað og hún var tekin inn til viðgerðar. Hann skýrði svo frá, að varpan hefði ekki verið í sjó frá því um hádegið á mánudag fram á þriðjudagsnóttina.

Enn kom Karl Már í dóminn klukkan 2220. Kvaðst hann þá ekki muna eftir tímaákvörðunum mánudaginn 14. apríl. Hann vissi ekki, hvenær haldið var úr höfn eða hvenær veiðar voru hafnar, en samkvæmt venju hefði það átt að vera fyrir hádegi.

Hann kvaðst hafa sofið, á meðan togað var, en verið vakinn, nokkru áður en varpan var hífð upp. Hann vissi ekki, hvað tímanum leið, og treysti sér ekki til að fullyrða, að klukkan hefði ekki getað verið orðin nálægt 1700, þá er varpan var tekin inn.

Vitnið vann eið að framburði sínum.

Svo sem að framan greinir, hefur framburður ákærða og skipverja hans verið reikull um mikilsverð atriði, einkum um tímaákvarðanir allar. Er vætti vitnanna Erlends Kristjánssonar og Karls Más Einarssonar lítt eða ekki til stuðnings staðföstum framburði ákærða þess efnis, að hann hafi ekki verið að veiðum, er gæzluflugvél Landhelgisgæzlunnar flaug yfir v/s Þorgeir, GK 73, í umrætt sinn. Dómurinn telur, að í máli þessu beri að leggja til grundvallar eiðfest vætti og staðarákvarðanir löggæzlumanna, skipherra, stýrimanns, flugstjóra og flugmanns gæzluflugvélar Landhelgisgæzlunnar, enda hefur ekkert komið fram í málinu, er geri þær tortryggilegar.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið hér að framan, telur dómurinn það sannað með eiðföstu vætti og mælingum löggæzlumanna, að ákærði hafi gerzt sekur um fiskveiðibrot með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á v/s Þorgeiri, GK 73, síðdegis mánudaginn 14. apríl 1969 suður af Reykjanesi á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, þar sem botnvörpuveiðar voru bannaðar.

Varðar þessi verknaður við þau lagaákvæði, sem talin eru í ákæru. Samkvæmt þeim refsíákvæðum, sem þar eru talin og áður eru rakin, og með tilliti til stærðar bátsins, 137 brúttórúmllestir, og núverandi gullgildis íslenzkrar krónu, 100 gullkrónur jafngilda 3.992.93 pappírskrónum, ákveðst refsing ákærða kr. 40.000.00 sekt til Landhelgisgæzlunnar Íslands, og komi varðhald 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Svo sem að framan greinir, hélt ákærði áfram veiðum í um tvo sólarhringa, eftir að hann var staðinn að veiðum hinn 14. apríl 1969. Afli sá, sem þá var eða kann að hafa verið í v/s Þorgeiri, GK 73, var þá ekki fyrir hendi sérgreindur, er réttarpróf hófust yfir ákærða. Aflann var landað úr bátnum föstudaginn 18. apríl. Reyndist hann vera 2.120 kg. af þorski, 250 kg. ýsa og 850 kg. karfi. Var aflinn metinn á kr. 19.334.00. Verður að telja, að skilyrði skorti til að kveða á um upptöku aflans. Veiðarfæri v/s Þorgeirs, GK 73, þar með taldir dragstrengir, skulu vera upptæk til Landhelgisgæzlunnar Íslands.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Gunnars I. Hafsteinssonar héraðsdómslögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 8.000.00.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Páll Haukur Kristjánsson, greiði kr. 40.000.00 sekt í Landhelgisjód Íslands, og komi varðhald í 20 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Veifarfæri bátsins Þorgeirs, GK 73, þar með taldir dragstrengir, skulu vera upptæk til Landhelgisjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gunnars I. Hafsteinssonar, héraðsdómslögmanns, kr. 8.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 8. desember 1969.

Nr. 222/1969. **Ákæruvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Hafsteini Má Sigurðssyni

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómarnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og Hákon Guðmundsson yfirbergardómari.

Ákæra um fiskveiðabrot. Birting stjórnvaldaerinda.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn ásamt samdómsmönnum Angantý Eliassyni skipstjóra og Páli Þorbjörnssyni skipstjóra.

Ákærði er í máli þessu sóttur þeim sökum að hafa hinn 21. marz 1969 á skipi sínu, v/b Hrefnu, VE 500, verið að botnvörpuveiðum á hafsvæði, þar sem botnvörpuveiðar voru